

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. maí 2013
Tilvísun: UST20130400109/ksj

Aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur. Tilkynning framkvæmdar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Áætluð framkvæmd er þríþætt. Ökugerði fyrir Ökukennarafélagið og varanlegar akstursbrautir fyrir Vélhjólafróttaklúbbinn VÍK ásamt endurobrautum sem ná yfir samtals 650 ha svæði.

Svæði fyrir Ökukennarafélag Íslands

Við framkvæmdina verður afmarkað 25 ha svæði fyrir Ökukennarafélag Íslands, en þar er áætlað svæði fyrir kennslubrautir fyrir bifreiðar og vélhjól þar sem verða mislangar æfingabrautir. Fram kemur í greinargerð að gert er ráð fyrir að á staðnum verði að jafnaði 1000 lítrar af eldsneyti og einnig kemur fram að hugsanlegt er að í einhverjum tilvikum þurfi að framkvæma olíuskipti. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að vera nákvæmari umfjöllun um meðferð eldsneytis og vélarolíu á svæðinu til að unnt sé að meta hvort hætta er á mengun af völdum hennar. Áætlað er að uppbygging muni taka 10 – 15 ár. Eftirfarandi framkvæmdir eru áætlaðar í fyrsta áfanga: Gert er ráð fyrir tveimur 6 m breiðum brautum, u.þ.b. 500 m og 360 m löngum ásamt tveim bogabrautum. Einnig er gert ráð fyrir geymslu- og þjónustuhúsnæði um 2 – 300 fermetra byggingu. Geymslan mun nýtast báðum aðilum. Í tengslum við ökugerðið þarf að reisa kennslu- og þjónustuhúsnæði, einnig bílastæði og þvottaplan. Einnig er áætlað að reisa 5-8000 m² vélhjólaláhöll, geymslu fyrir vélhjól og möguleg aðstöðubygging, þvottaplani og bílastæðum á svæði vélhjólaklúbbs. Áætlað er að framkvæma í öðrum áfanga 1500 m langa hringakstursbraut, auk annarrar 500 m brautar sem verða 10 m breiðar. Einnig er gert ráð fyrir beinni braut a.m.k. 12 m breiðri og 100 m langri, og 12 m malarbraut sem yrði 200 m löng. Einnig er gert ráð fyrir 100 m hálkubraut með 20 m löngu öryggissvæði. Aðkeyrslubraut fyrir allar þessar brautir skal vera a.m.k. 180 m löng og

a.m.k. 5 metra breið.

Á uppdrætti kemur fram að ofangreindar brautir munu liggja sunnan við Suðurlandsveg og er Litla Kaffistofan staðsett norðan við Suðurlandsveginn við austurenda ökugerðis Ökukennarafélags Íslands. Að mati Umhverfisstofnunar mun ökugerðið raska hrauni ef það verður staðsett skv. uppdrætti, þar sem stór hluti gerðisins er áætlaður á mosavöxnu hrauni. Hraun nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og skal forðast röskun þess ef þess er nokkur kostur.

Svæði fyrir vélhjólaiþróttaklúbbinn

Í greinargerð kemur fram að æfinga- og keppnisaðstaða vélhjólamanna á Bolaöldusvæðinu hafi verið opnuð árið 2006. Einnig kemur fram að þar sé í dag eitt fjölbreyttasta aksturssvæði á landinu með tugi kílómetra löngu slóðaneti, byrjendabrautum og keppnisbraut í fullri stærð og minni háttar þjónustuaðstöðu. Bolaöldusvæðið er mikið notað í dag hvort sem er til æfinga eða keppnishalds og opna mótocrossbrautir vanalega kringum 1. apríl, en enduroslóðar í kringum 1. til 15. maí. Enduroslóðar eru án sérstaks opnunartíma.

Í umfjöllun um endurobrautir kemur fram að merktar brautir utan framkvæmdasvæðisins nái yfir 650 ha svæði sem sé skilgreint í aðalskipulagi Ölfus. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki gerð nægjanleg grein fyrir þeim endurobrautum í greinargerð aðalskipulags sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 sem þegar hafa verið lagðar í Jósefsdal og inná svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir einnig á að á sveitarfélagauppdrætti ofangreinds aðalskipulags er gerð grein fyrir göngu-, hjóla- og reiðstígum en þar er ekki gerð grein fyrir þeim endurobrautum sem hafa verið lagðar. Þar af leiðandi telur Umhverfisstofnun ekki hafa verið forsendur fyrir þeirri brautagerð sem hefur verið framkvæmd á opnu svæði til sérstakra nota á svæði suður af Bolaöldum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti væntanlegt deiliskipulag að ná yfir allt 650 ha svæðið.

Meðfylgjandi með erindinu er kort yfir 650 ha svæði þar sem þegar hafa verið lagðar endurobrautir. Ef nýjar loftmyndir eru skoðaðar virðist sem að endurobrautir sem þegar eru í notkun séu 4 - 9 metra breiðar. Ekkert kemur fram í tilkynningu um framkvæmdirnar hvernig leggja eigi þessar endurobrautir, eða hvernig þær voru lagðar. Einnig skortir upplýsingar um hve breiðar þær skulu vera. Umhverfisstofnun bendir á að margar samsíða brautir liggja inn í Jósefsdal. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt þegar vélhjólaklúbbur leggur brautir að reglur ríki um hvernig slóðar eru lagðir og hve breiðir. Að mati Umhverfisstofnunar virðist frá árinu 2006 hafa farið fram leyfislaus framkvæmd slóða.

Staðhættir

Eins og fram kemur í greinargerð er áætlað framkvæmdasvæði á Leitarhrauni. Umhverfisstofnun bendir á að hraun nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sjá hér að framan. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti fara endurobrautir inn á svæði á náttúruminjaskrá nr. 753, Eldborgir við Lambafell. Sú framkvæmd hefur ekki komið til umsagnar Umhverfisstofnunar, sjá 38.gr. laga um náttúruvernd nr.44/1999.

Matskylda

Í samráði við Skipulagsstofnun er fjallað um allar væntanlegar framkvæmdir á aksturssvæðinu sem tilkynningaskyldar framkvæmdir.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdar

Landslag

Í umfjöllun um landslag og sjónræn áhrif í greinargerð kemur fram að þar sem uppbygging ökugerða og brauta komi til með að fara fram einkennist landið af frekar sléttu grónu hrauni annars vegar en hins vegar af svæði þar sem skiptist á berangur, grónir melar og mosabreiður. Einnig kemur fram að framkvæmdin muni hafa í för með sér einhverja landmótun og tilfærslu efnis á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að ökugerði Ökukennarafélags Íslands og þjónustusvæði og brautir vélhjólafþróttaklúbbs verði valinn staður á svæði þar sem eru berangur og grónir melar en ekki á hrauni. Samkvæmt uppdráttum er fylgja erindinu verður hrauni raskað með því að staðsetja framkvæmdir samkvæmt þeim. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðsetning framkvæmda innan svæðisins verði endurskoðuð svo hrauni verði hlíft við raski. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem endurobrautir hafa verið lagðar var að mestu óraskað svæði, eina raskið eru fyrrgreindar brautir. Umhverfisstofnun minnir á að skylt er að tilkynna mögulega framkvæmd fyrirfram, að öðrum kosti telst framkvæmd væntanlega ólögmat. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að meta umhverfisáhrif endurobrautanna fyrir lagningu og teikna þær upp með skilmálum um breidd og staðsetningu. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að sýna brautirnar á sveitarfélagsuppdrætti með skýrum hætti í aðalskipulagi Ölfuss 2010 - 2022 svo umhverfismat áætlunar um framkvæmdina hefði farið fram.

Áhrif á landslag eru í greinargerð talin vera óveruleg þar sem ekki er verið að raska landslagi sem nýtur verndar á einhvern hátt og stór hluti svæðisins er þegar raskaður. Umhverfisstofnun bendir enn og aftur á að hraun skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 nýtur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Einnig fara framkvæmdir inn á svæði á náttúruminjasrá. Áhrif á landslag eru því bæði sjónræn áhrif og einnig mun eldhraun er nýtur sérstakrar verndar raskast. Umhverfisstofnun bendir á að stór hluti svæðis sem fer undir áætlað ökugerði Ökukennarafélagsins er í dag mosavaxið eldhraun, sérstaklega austurhluti svæðisins.

Hljóðvist

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægast að hávaði frá umferð á endurobrautum verði skoðaður og áhrif hávaðans á aðra útivist á svæðinu. Öpið svæði til sérstakra nota er útivistarsvæði fyrir ýmsa hópa og því þarf að skoða hvernig endurobrautir samrýmast annarri útivist á svæðinu, þ.e. stjórnun útivistar er æskileg.

Jarðfræði

Fram kemur í greinargerð að 90 – 100.000 fermetrar af hraunsvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga fari undir áætlaðar framkvæmdir. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að endurskoða staðsetningu væntanlegra framkvæmda með það fyrir augum að lámárka röskun á eldhrauni.

Reið- og gönguleiðir

Í greinargerð er farið yfir þær gönguleiðir er liggja um og kringum Vífilfell. Umhverfisstofnun bendir á að á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Ölfuss 2010 – 2022 er einnig sýnd gönguleið um austurjaðar opins svæðis til sérstakra nota og er sú gönguleið einnig sýnd á korti þar sem allar endurobrautir sjást. Gönguleiðir á svæðinu eru því fleiri en fram kemur í greinargerð.

Vatnafar

Ofangreint svæði sem áætlað er fyrir ökugerði og akstursípróttir er staðsett við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og fjarsvæði vatnsverndar Sveitarfélagsins í Ölfusi. Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir því að 1000 lítrar af bensíni verði geymt á staðnum og að mögulega þurfi að skipta þar um olíu á bílum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að endurskoða þessar fyrirætlanir með vísun í óhapp er varð við skíðasvæðið í Bláfjöllum er flytja átti olíu að Þríhnúkagíg. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera ráð fyrir að eldsneyti á svæðinu á hverjum tíma verði í algjöru lágmarki.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er verið að taka víðáttumikið svæði á milli Vífilfells og Eldborga við Lambafell undir ökugerði til aksturskennslu Ökukennarafélags Íslands og undir akstursípróttir og endurobrautir. Að mati Umhverfisstofnunar má gera þá kröfu til framkvæmdaaðila að við gerð uppdráttar yfir endurobrautir hefði ný loftmynd verið notuð svo umsagnaraðilar sæju skýrt þær brautir sem þegar eru komnar á svæðið. Uppteiknaðar einfaldar brautir gerðar með punktalínu gefa ekki rétta mynd.

Í greinargerð kemur fram að fyrir ökugerði Ökukennarafélags Íslands þurfi 25 ha, og samtals muni framkvæmdasvæði Ökukennarafélags Íslands og vélhjólaksturssvæði ná yfir tæpa 65 ha. Einnig er kort yfir endurobrautir alls 650 ha. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að meta áhrif hávaða og sjónræn áhrif af ofangreindri starfsemi á aðra útivist sem stunduð er á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar hefur ofangreind starfsemi almennt óafturkræf áhrif á umhverfið og bendir stofnunin á það mikla rask sem orðið hefur af völdum akstursípróttta og endurobrauta nú þegar á svæðinu. Að mati stofnunarinnar eru slíkar brautir varanlegar. Einnig má benda á að brautir í hlíðum er snúa að Suðurlandsvegi eru áberandi mannvirki er sjást greinilega frá Suðurlandsvegi. Að mati Umhverfisstofnunar hefði tilkynning á réttum tíma áður en framkvæmdir hófust dregið úr þeim umhverfisáhrifum sem orðin eru. Umhverfisstofnun bendir einnig á að endurobrautir virðast einnig hafa haft rask í för með sér, er nær út fyrir eiginlegt svæði brautanna. Að mati Umhverfisstofnunar er lykilaðalatriði að notendur endurobrauta aki einungis á þeim brautum sem þeim eru áætlaðar og stundi ekki akstur utan brauta og vega. Að margar samhliða brautir séu gerðar á leiðum endurobrautanna er algjörlega óásættanlegt og verður fólk í akstursípróttum að sýna aga við gerð brauta og víkja ekki út af þeim. Einnig er mikilvægt að vöktun verði á hávaðamengun frá vélhjólaiþróttum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að endurskoða staðarval fyrir ökugerði Ökukennarafélags Íslands svo röskun á hrauni verði í lágmarki.

Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á

umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Umfang ofangreindra framkvæmda er mikið og þær taka yfir 650 ha svæði, og bendir Umhverfisstofnun á til viðmiðunar að efnistaka er matsskyld skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 ef efnistakan raskar 5 ha svæði eða stærra og nýræktun skóga á 200 ha svæði er tilkynningaskyld.

Umhverfisstofnun telur mögulegt að draga úr áhrifum ofangreindra framkvæmda með breyttri tilhögun þannig að hrauni verði hlíft. Að mati Umhverfisstofnunar geta framkvæmdir aksturssvæða við Bolaöldur haft veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á umhverfið eins og þær eru settar fram í tilkynningu um framkvæmdirnar. Í eðli sínu hafa framkvæmdirnar mikið rask og landmótun í för með sér. Af framkvæmdunum getur stafað mengun og ónæði, þ.e. hávaði, rykmengun og útblástursmengun.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur